

Fimmtudaginn 5. janúar 1995.

Nr. 494/1994.

Gísli Kolbeins

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Rósu Jónídu Benediktsdóttur

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. desember 1994, sem barst réttinum 16. sama mánaðar. Hann vísar um kæruheimild til g- og j-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og krefst þess aðallega, að úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. nóvember 1994 í máli aðila verði ómerktur svo og meðferð málsins frá og með aðalmeðferð þess 17. nóvember 1994 og að málinu verði vísað að nýju til héraðsdóms til aðalmeðferðar og dómsálagningar. Til vara krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á kröfur sóknaraðila. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að öðru leyti en því, er varðar málskostnað honum til handa, sem verði lækkaður og dæmdur í samræmi við fram lagðan málskostnaðarreikning. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Héraðsdómari hefur með þeim rökum, er hann tilgreinir, ekki talið sér fært að taka afstöðu til réttmætis kröfu sóknaraðila í héraði á þeim grunni, sem þar var lagður. Er ekki ástæða til að hrófla við því mati, og verður úrskurður um frávísun málsins því staðfestur.

Héraðsdómari fór út fyrir kröfur stefnda í héraði við ákvörðun fjárhæðar málskostnaðar samkvæmt 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, en hann hafði lagt fram málskostnaðarreikning með lægri fjárhæð. Telst málskostnaður í héraði hæfilega ákveðinn 50.000 krónur, og hefur þá ekki verið tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur að öðru leyti en því, að fjárhæð málskostnaðar í héraði ákveðst 50.000 krónur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. nóvember 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Gísli Kolbeins, kt. 300526-3309, Ásholti 32, Reykjavík, gegn Rósu Jónídu Benediktsdóttur, kt. 160636-3949, Grensásvegi 60, Reykjavík, með stefnu, birtri 27. maí 1994.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru, að stefnda verði dæmd til að greiða 43.668 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. maí 1992 til greiðsludags. Jafnframt krefst hann þess, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. maí 1993, og málskostnaðar að skaðlausu skv. málskostnaðarreikningi.

Stefnda krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans skv. málskostnaðarreikningi.

I.

Tildrög máls og ágreiningsefni.

Halldór Bergmann, kt. 240156-3429, pípulagningamaður, mun í apríl 1992 hafa innt pípulagningastörf af hendi fyrir stefndu, er vörðuðu endurnýjun baðherbergis í íbúð stefndu að Grensásvegi 60. Hinn 24. apríl 1992 gaf Halldór stefndu kvittun fyrir greiðslu, að fjárhæð 20.000 krónur, „upp í pípulagningaviðg. á baðherb., 1500 kr. á klst.“. Reikningur, dags. 1. maí 1992, er pípulagningamaðurinn gerði stefndu, hljóðar upp á 63.668 krónur með virðisaukaskatti, og er hann byggður á uppmælingu frá 29. apríl 1992, dskj. nr. 7. Stefnandi kveðst hafa fengið reikninginn framseldan.

Af hálfu stefndu er hins vegar haldið fram, að um aðildarskort sé að ræða, þar eð ekki liggi fyrir í málinu skriflegt framsal kröfunnar frá Halldóri Bergmann til stefnanda. Þá telur stefnda, að samið hafi verið um, að laun yrðu greidd miðað við 1.500 krónur á tímann, reikningur á grundvelli uppmælingar hafi ekki komið til umræðu. Kveðst hún hafa leitað til Félags pípulagningameistara í þessu sambandi og óskað eftir aðstoð þeirra og segir, að starfsmenn félagsins hafi óskað eftir skýringum frá Halldóri, þ. m. t. vinnuskýrslu og reikningi, án þess að hann sinnti því. Rúmu ári síðar kveður hún sér hafa borist svolátandi bréf stefnanda: „Ég hefi að undanfögnu verið að leggja tengdasýni mínum, Halldóri Bergmann, lið við skrifstofubátt fyrirtækis hans. – Meðfylgjandi reikningur er þar í skjölum ógreiddur,

en innborgun á hann 15.000 kr. – Það væri mjög æskilegt að ljúka uppgjöri á reikningnum hið allra fyrsta. – Vinsamlegast hafðu samband við mig út af því.“

— — —

IV.

Niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins bar Halldór Bergmann fyrir réttinum, að stefnandi væri nú eigandi umdeildrar kröfu á stefndu. Sýkna á grundvelli 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 í þessu máli kemur því ekki til álita.

Þá hélt Halldór Bergmann því fram við skýrslutöku, að ekki hefði verið samið um ákveðið verð fyrir vinnu sína í þágu stefndu og hvorki verið minnst á tímagjald né uppmælingu, er hann hóf störf fyrir hana. Stefnda heldur því á hinn bóginn fram, að samið hafi verið um 1.500 króna tíma-kaup fyrir vinnu Halldórs. Staðhæfing hennar er studd við áðurgreinda kvittun og framburð Dúa Sigurjónssonar, er vann með Halldóri að endurnýjun baðherbergis í íbúð stefndu að Grensásvegi 60 í aprílmánuði 1992.

Ekki er loku fyrir það skotið, að Halldór hafi átt heimtingu á frekari greiðslu fyrir störf sín í þágu stefndu en þær 20.000 krónur, sem með breyttri kröfugerð stefnanda frá því í stefnu er viðurkennt, að hann hafi móttengið frá stefndu. Hins vegar sinni hann ekki tilmælum stefndu um að gera grein fyrir þeim tímum, er hann vann fyrir hana, og að gera henni reikning á grundvelli tímafjöldans, eins og ómótmælt er haldið fram af hálfu stefndu. Þykir því á þessum grunni ekki fært að taka afstöðu til réttmætis kröfu stefnanda, og verður því að vísa málinu frá dómi án kröfu.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefndu 60.000 krónur í málskostnað. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu. Stefnandi, Gísli Kolbeins, greiði stefndu, Rósu Jónídu Benediksdóttur, 60.000 krónur í málskostnað.
